

Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2017-2018

Uppeldi til ábyrgðar í Hofsstaðaskóla

Verkefnið í hnotskurn:

Innleiðing á samskipta- og agastefnu í skólanum. Námskeið fyrir alla starfsmenn, grunn- og framhaldsnámskeið. Leshópar starfsmanna, umræðuhópar og fræðileg undirbygging. Ráðgjöf við verkefnið og efnisöflun.

Ábyrgðarskóli verkefnis: Hofsstaðaskóli

Páttakendur: Allir starfsmenn Hofsstaðaskóli

Verkefnisstjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Markmið verkefnisins var að gera agastjórnun í skólanum markvissari og ná samstöðu um lífsgildi og skýr mörk. Að undirbúa kennara og starfsmenn til þess að mæta nemendum, kenna sjálfsaga og ábyrgð á eigin hegðun. Allir vinni saman að jákvæðum skólabrag. Innleiðin á orðfæri og verkfærum uppbyggingarstefnunnar.

Lýsing á framgangi verkefnisins: Haldið var grunnnámskeið í júní 2018. Haustið 2018 voru verkferlar skoðaðir og starfsfólk fór í sjálfsskoðun með það hvernig það mætir nemendum. Leshópar voru skipaðir og lásu allir kennarar tvær bækur og ræddu um innihaldið. Aðrir starfsmenn fengur yfirlitsefni til þess að kynna sér fræðin á bak við og helstu atriði. Reglulega var rætt um leiðir og viðhorf á fundum. Kennarar fíkrúðu sig áfram í vinnu með nemendum. Í júní 2019 var haldið framhaldsnámskeið og skólaárið 2019-2020 hefst markviss vinna með nemendum í ákveðnum þáttum og haldið áfram að innleiða. Gert er ráð fyrir að innleiðingin taki þrjú til fimm ár. Verkefnastjóri sat sérstakt námskeið fyrir verkefnastjóra í apríl 2019 og þrjú kennarar skólans fóru á önnur námskeið í stefnunni í apríl og júní 2019. Námskeið um vinnu í kennslustofunni og Reality Therapy sem uppbyggingarstefnan er byggð á.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: Tafir urðu á upphafi verkefnis vegna þess að ekki tókst að halda námskeið árið 2017 eins og fyrirhugað var. Fyrirlesarar komu m.a. erlendis frá og þar þurfti allt að ganga upp. Þegar átti að halda seinna námskeiðið forfallaðist fyrirlesari en svo heppilega vildi til að annar gat komið og tekið við.

Mat á verkefninu (afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf, óvæntar hliðarverkanir, vonbrigði o.s.frv.): Verkefnið markar upphaf innleiðingarinnar sem hefur gengið hægar en til stóð. Það er hins vegar ekki slæmt vegna þess að við byrjum fyrst og fremst að líta í eigin barm og skoða hvernig við komum fram og nálgumst áskoranir og ögrandi hegðun nemenda. Skýrar línur hafa verið settar og samstilling er í fullum gangi. Önnur verkefni sem skólinn hefur tekið þátt í hafa svo styrkt verkefnið og þau tala flest saman. Sem dæmi má nefna Verkfærakistu KVAN sem langflestir kennarar skólans hafa setið, Leiðbeinandi kennsluhætti og vaxandi hugarfar sem tengjast vinnu við annað próunarverkefni. Þessi verkefni styðja sem betur fer hvert annað. Í skólum eru á stundum mörg verkefni í gangi og mikilvægt að gæta þess að þau taki ekki frá hvort öðru. Álag í starfinu og óvæntar upppákomur eiga til að hægja

á verkefnum sem þessum svo og endurnýjun í starfsmannahópnum sem þarf að huga sérstaklega að. Við erum ánægð með það hvar við stöndum og óþreyjufull að halda áfram.

Kynningar á verkefninu:

Verkefnið er kynnt á vef skólans og send var grein í Garðapóstinn. Kynning verður á menntadaginn 25. október og verið er að leggja drög að kynningu til foreldra.

Heildarupphæð styrks: 1.000.000

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
25.06. 2018	Verkefnastjóri	187.500
26.10.2018	Bækur	34.000
28.12.2018	Verkefnastjóri	90.000
31.12.2018	Ráðgjöf	40.000
21.05.2019	Verkefnastjóri	150.000
05.07.2019	Verkefnastjóri	255.000
26.07. 2019	Verkefnastjóri	241.500
	Alls	998.000

Hafðís Bára Kristmundsdóttir 6. október 2019

dags. nafn verkefnisstjóra

Hafðís Bára Kristmundsdóttir 6. október 2019

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla